


# Greinargerð

## Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið *Dyrhólaey*.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dyrhólaey voru lögð fram til kynningar þann 3. júlí 2020 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var auglýstur til og með 1. september en óskað var eftir framlengdum fresti og bárust síðustu athugasemdir áttunda þess mánaðar. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu og óskað var eftir umsögnum fagstofnana. Alls bárust athugasemdir og umsagnir frá ellefu aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlunar í kjölfar kynningarferlisins.

Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.



<p>Athugasemd kom frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands (NSS) um að leiðarljós áætlunarinnar sé óeðlilega mannhverft.</p>	<p><i>Leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlana tekur mið af verndargildi svæðisins og gengur í þessu tilviki út á þá hugsun að fólk geti notið náttúrunnar án þess að verndargildi svæðisins minnki. Áhersla á verndun kemur fram í friðlýsingarskilmálum.</i></p>
<p>NSS sendu inn ábendingu um að við endurskoðun friðlýsingarskilmála yrði hugað að stækkun friðlandsins þannig að það nái yfir t.d. Dyrhólaós, leirur og votlendið norður af en þannig myndi nást meiri og betri samfella m.t.t. landslags og fjölbreytni vistgerða einnig. Mikilvæg fuglabúsvæði séu í dag utan marka verndarsvæðisins og í yfirvofandi hættu.</p>	<p><i>Ábendingunni verður komið áfram vegna vinnu við endurskoðun friðlýsingaskilmála í kjölfar vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun.</i></p>
<p>NSS minna á bráðabirgðaákvæða náttúruverndarlaga þar sem kveðið er á um í 3. tölulið 95. gr. að ráðherra skuli láta endurskoða ákvæði gildandi friðlýsinga og eftir atvikum endurmeta verndargildi þeirra minja sem standa í gildandi náttúruminjaskrá. Benda þau á að skerpa þurfi á markmiðum friðlýsingarinnar og heimfæra þurfi auglýsinguna skilgreiningum friðlýsingarflokka í núgildandi náttúruverndarlögum. Nefna þau í því sambandi jarðfræðilega þætti og vistfræðilega.</p>	<p><i>Umhverfisstofnun tekur undir það álit að endurskoða þurfi friðlýsingaskilmála Dyrhólaeyjar og bendir á að í aðgerðaáætlun 2021-2023 er gert ráð fyrir að það verði gert árið 2022. Ein ástæða þess er sú að í gildandi auglýsingu kemur ekki fram ástæða þess að Dyrhólaey er friðlýst en vegna ákvæðis um leyfi til lokana á varptíma hefur verið litið svo á að um fuglaverndarsvæði sé að ræða. Hins vegar má segja að í raun sé um landslagsverndarsvæði að ræða í samspili við sjófuglabyggð. Verndarandlagið sé þannig landslag og sjófuglabyggð.</i></p>

## Náttúruminjar

## Svör Umhverfisstofnunar

<p>NSS benda á að þörf sé á hreinsun stranda við Dyrhólaey en ekki sé minnst á slíkt í áætluninni.</p>	<p><i>Texta varðandi ábendingu NSS var bætt inn í áætlunina í kafla 3.8.6.</i></p>
<p>Athugasemdir frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) :</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>NÍ bendir á að í kafla 2.7. sé fjallað um rannsóknir og vöktun en ekki sé fjallað um rannsóknir Náttúrustofu Suðurlands í kafla 3.12.</li> <li>Umfjöllun um verkefnið Vöktun náttúruverndarsvæða vanti inn í áætlunina.</li> <li>Skoða megi hvort banna eigi gæludýr alfarið á varptíma fugla.</li> <li>Vegna áætlunar um breytingu á friðlýsingarskilmálum um notkun skotvopna þurfi að muna að gera greinarmun á refum og minki.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li><i>Í kafla 2.7. er fjallað um það sem gert hefur verið og var upplýsingum úr nýrri skýrslu Náttúrustofu Suðurlands um fuglalífið árið 2020 bætt inn í kaflann. Í kafla 3.12. voru settar upplýsingar um verkefnið Vöktun náttúruverndarsvæða, sjá einnig lið b.</i></li> <li><i>Verkefnið er nýtt en kafla um það var bætt í áætlunina.</i></li> <li><i>Umhverfisstofnun leitaði álits fuglafræðings sem hefur stundað rannsóknir í Dyrhólaey. Samstarfshópur var sammála um að niðurstaðan væri sú að gæludýr skuli höfð í taumi og undir tryggri stjórn. Fátítt er að gestir komi með gæludýr í eyna og lang flestir halda sig á göngustígum og utan varpsvæða.</i></li> <li><i>Ábendingunni verður haldið til haga og komið á framfæri þegar vinna við endurskoðun á friðlýsingaskilmálum hefst.</i></li> </ol>
<p>Ábending barst um hugsanlega stækkun friðlandsins á þá leið að það næði jafnframt yfir Dyrhólaós en Dyrhólaós er á náttúruminjaskrá. Meðfylgjandi ábendingunni er skýrsla um rannsóknir við Dyrhólaós.</p>	<p><i>Ábendingunni verður komið áfram vegna vinnu við endurskoðun friðlýsingaskilmála.</i></p>

<p>Stjórn Landverndar sendi inn umsögn þar sem bent er á mikilvægi fuglabúsvæða í Dyrhólaósi og að með því að bæta honum sem og aðliggjandi leirum og votlendi við friðlýsinguna myndist meiri samfella í landslag og fjölbreytni vistgerða aukist til muna. Það myndi bæta verndun svæðisins og Dyrhólaeyjar sjálfrar verulega.</p> <p>Þá minnir stjórn Landverndar á að við rannsóknir og vöktun sé nauðsynlegt að sinna vel aðliggjandi svæðum en ekki binda þær eingöngu við Dyrhólaey eina.</p>	<p><i>Ábendingunni verður komið áfram vegna vinnu við endurskoðun friðlýsingaskilmála.</i></p> <p><i>Umhverfisstofnun bendir á að vöktun náttúruverndarsvæða er hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands en auk þess hefur Náttúrustofa Suðurlands gengt þar mikilvægu hlutverki.</i></p>
--	---

## Menningarminjar

## Svör Umhverfisstofnunar

<p>Í umsögn Minjastofnunar Íslands (MÍ) var bent á að á nokkrum stöðum í áætluninni mætti koma skýrar fram hvað heyrir undir ábyrgðarsvið Minjastofnunar.</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Í kafla 2.6. segir að samkvæmt friðlýsingarskilmálum er mannvirkjagerð og jarðrask í friðlandinu háð leyfi Umhverfisstofnunar. Hér megi bæta við ... og Minjastofnunar Íslands þar sem það á við.</li> <li>Tillaga er um orðalagsbreytingu í kafla 2.7. Í stað „auk þess sem fornleifar hafa verið rannsakaðar“ kæmi „auk þess sem fornleifar hafa verið skráðar að hluta.“</li> <li>Lagt er til að texta í kafla 2.9. verði breytt á þann hátt að gengið verði til samstarfs við MÍ um kynningarefni á menningarminjum í friðlandinu.</li> </ol>	<p><i>Ábendingar um ábyrgðarsvið MÍ og samstarfs.</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <li><i>Hér er verið að vísa í núgildandi friðlýsingarskilmála þar sem segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar en annað ekki nefnt. Orðalag er því óbreytt.</i></li> <li><i>Orðalagi var breytt í samræmi við ábendingu.</i></li> <li><i>Í öðrum kafla áætlunarinnar er fjallað um svæðið eins og það er í dag. Kynningarefni á menningarminjum hefur ekki verið unnið og því er texta ekki breytt. Hins vegar er stefnt að vinnslu fræðsluefnis og verður þá leitað til fagstofnana, sbr. svar við lið g í þessari greinargerð.</i></li> </ol>
--	--

- d. Lagt er til að í aðgerðaáætlun í kafla 3.4.1. verði bætt við samráði við MÍ um hvaða stígar flokkist sem villustígar.
- e. Vegna kafla 3.6.2. og reglu 3 í kafla 4 er bent á að leita þurfi leyfis MÍ ef taka á myndir eða myndskleið við menningarminjar.
- f. Lagt til að í kafla 3.8.5. verði nefnd samvinna við MÍ um skiltagerð.
- g. Lagt til að í kafla 3.10. verði nefnt að leitað verði samstarfs við MÍ um fræðslu og kynningu á menningarminjum.
- h. Bent á að bæta megi við umfjöllun um flygildi í kafla 3.11. undanþágu frá leyfisskyldu vegna rannsókna MÍ eða fræðimanna á þeirra vegum. Sama gildi um reglu 2 í kafla 4.
- i. Vegna kafla 3.5. er eftirfarandi athugasemd:  
„Fornleifaskráning á Háey verður uppfærð vegna vinnu við endurskoðun á deiliskipulagi sem gert er ráð fyrir að verði unnið árið 2020.“ Hér væri rétt að segja sem svo að friðlandið Dyrhólaey verði allt fornleifaskráð samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands um skráningu menningarminja. Það er gríðarlega jákvætt að ætla að uppfæra fornleifaskráningu á friðlandinu.
- j. Friðlýsing svæðis getur leitt af sér meiri umferð fólks en áður var og þar af leiðandi verði stífari ágangur á t.d. menningarminjar. Af þeim sökum gæti þurft að koma til sérstakra mótvægisáðgerða til að tryggja verndun fornleifanna.

- d. Orðalagi var breytt í texta kaflans. Kaflinn er nú númer 3.8.4.*
- e. Athugasemd Minjastofnunar vísar til reglna sem Minjastofnun hefur sett og munu fara í greinargerð með lögum um menningarminjar en er ekki tilbúin. Reglurnar hafa því ekki enn öðlast opinbert gildi og því er athugasemdin ekki talin eiga við hér.*
- f. Texta breytt og vísað til samvinnu við viðeigandi fagstofnanir.*
- g. Texta breytt á þann veg að leitað verði eftir upplýsingum og samvinnu við viðeigandi fagaðila.*
- h. Bætt var við textann undanþága fyrir þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.*
- i. Orðalag í kafla 3.5. var villandi og var því breytt á þann hátt að stefnt er að því að endurskoða deiliskipulag Dyrhólaeyjar og skráningu minja í tengslum við það. Í kafla 3.8.3. er fjallað um endurskoðun gildandi deiliskipulags vegna aðkomu og bílastæðis á Háey á árinu 2021.*
- j. Svæðið hefur verið friðlýst í fjöldamörg ár og ekki er gert ráð fyrir að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar hafi áhrif á gestafjölda.*

## Ferðapjónusta

## Svör Umhverfisstofnunar

<p>Náttúruverndarsamtök Suðurlands benda á</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>að í áætluninni sé ekki gert ráð fyrir takmörkun gestafjölda með beinni stýringu áður en þolmarkagreining liggi fyrir.</li> <li>þann möguleika að bjóða upp á sætaferðir inn á friðlandið í stað þess að leggja land undir bílastæði.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li><i>Fyrir fram er ekki gert ráð fyrir að takmarka fjölda gesta án þess að fylgst hafi verið með burðarþoli svæðisins. Starfsmenn Umhverfisstofnunar vinna ástandsmat og fylgjast með þolmörkum og í verkefninu Vöktun náttúruverndarsvæða er einnig tekið á vöktun vegna ágangs ferðamanna.</i></li> <li><i>Ábendingin verður höfð í huga en ekki er gert ráð fyrir sætaferðum að svo stöddu.</i></li> </ol>
<p>Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar bárust:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Gera þyrfti tröppur á klöppina við girðingarhornið næst hamrabrúninni við upphaf gönguleiðar frá bílastæði á Háey að vitanum. Fólk byrji venjulega að fara fram að bjargbrún og gæti þá haldið áfram þar í stað þess að þurfa að ganga til baka að núverandi göngustíg.</li> <li>Göngustígur að Brestnefi nær ekki nógu langt að bjarginu þannig að fólk sér lundabyggðina þar ekki nógu vel. Sumir klifra yfir girðingu sem þar er. Lengja þurfi stíginn og við enda hans væri hægt að smíða lágrest fuglaskoðunarskýli í brekkubrúninni.</li> <li>Afmörkun gönguleiðar að Bolabás og Skorpunefi hafi verið óþörf og ætti að færa til fyrra horfs. Rétt væri samt að hafa möguleika á að loka fyrir ferðir fólks að Skorpunefi og niður í Kirkjufjöru yfir veturinn vegna hættu sem skapast í stórbrimi. Bent er á að innviðir, t.d. girðingar, líti ekki vel út.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li><i>Ábendingin verður skoðuð með tilliti til öryggisatriða en gönguleiðin yrði nokkuð nálægt bjargbrúninni og krefðist úttektar.</i></li> <li><i>Göngustígurinn nær ekki lengra vegna fornminja nálægt klettabrúninni. Jafnframt spila varúðarsjónarmið inn í framhald stígsins en lundaholur eru nálægt bjargbrúninni. Umhverfisstofnun mun skoða málið og kanna hvernig hægt sé að lengja stíginn í samráði við fuglafræðing og Minjastofnun Íslands.</i></li> <li><i>Gestum svæðisins hefur fjölgað síðustu ár og var ein gönguleið lögð í þeim tilgangi að auðvelda aðgengi og auka öryggi þeirra. Svæðið er hættulegt og nauðsynlegt að stýra umferð um það. Innviðir láta fljótt á sjá og eru í sífellri endurskoðun. Þeir eru endurnýjaðir eftir því sem þurfa þykir og fjármagn fæst.</i></li> </ol>

<p>d. Viðkomandi telur að nýlegt salernishús sé á röngum stað, það sé allt of áberandi í umhverfinu, það loki fyrir útsýnið af bílastæðinu út á Skorpunef og Skerin. Hann bendir á tvo staði sem hann telur vera heppilegri.</p> <p>e. Nýr göngustígur og útsýnisstaður verði gerður vestan við „Glópaskarð“ en þaðan sé gott útsýni yfir brimölduna. Nýr útsýnisstaður myndi jafnframt dreifa fólki á fleiri staði á Lágeynni.</p> <p>f. Hvatt er til frekara samráðs við heimamenn og landeigendur.</p>	<p><i>d. Hvað varðar staðsetningu salernishúss er staðsetning þess í samræmi við samþykkt skipulag fyrir svæðið.</i></p> <p><i>e. Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendinguna og mun skoða hugmyndina.</i></p> <p><i>f. Umhverfisstofnun heldur samráðsfundi með landeigendum og sveitarfélagi og fulltrúar þeirra tóku þátt í vinnu við fyrirbyggjandi stjórnunar- og verndaráætlun. Jafnframt var fundað með nytjarétthafa.</i></p>
<p>Samtök ferðapjónustunnar lýsa ánægju með uppbyggingaráform og telja að með góðu skipulagi og öflugri stjórnun verði Dyrhólaey áfram einn af fyrirmyndaráfangastöðum suðurstrandarinnar.</p> <p>a. Samtökin vilja ýta á að vegur upp á Háey verði lagfærður til að auka öryggi gesta sem kjósa að nýta sér bílastæði þar.</p> <p>b. Samtökin benda á hugmyndir um möguleg bílastæðagjöld þar sem nú þegar er tekið gjald fyrir salerni á bílastæði við Lágey. Samtökin benda á að mikilvægt sé að eiga gott samstarf og samtal við ferðapjónustuaðila sem bjóða upp á ferðir á Dyrhólaey vegna mögulegrar gjaldtöku.</p>	<p><i>a. Frá því að tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun Dyrhólaeyjar var auglýst hafa farið fram viðræður við Vegagerðina um umferð í Dyrhólaey. Áætluninni var breytt í samræmi við niðurstöðu viðræðnanna. Stefnt er að því að vegur upp á Háey verði lagfærður og lagður bundnu slitlagi en umferð verði áfram beint að Lágey sbr. kaflann Skipulag í þessari greinargerð. Ekki er gert ráð fyrir langferðabifreiðum og stærri bílum á Háey. Tekið er undir mikilvægi þess að vegurinn sé öruggur en vegstæðið býður ekki upp á öruggan veg fyrir ferðamenn allan ársins hring án mikils rasks sem myndi hafa áhrif á ásýnd friðlandsins. Mun öruggara er að leggja bílum á Lágey og verður ferðafólki bent á það.</i></p> <p><i>b. Orðalagi var breytt og er gert ráð fyrir að gjaldtaka verði eins og verið hefur.</i></p>

<p>Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að ekki sé gert ráð fyrir ruslatunnum á svæðinu skv. texta þó þar sé salernisaðstaða og húsnæði landvarða.</p>	<p><i>Orðalag í áætluninni var lagfært og gert skýrara í samræmi við ábendinguna.</i></p>
<p>Í umsögn stjórnar Landverndar koma fram ábendingar varðandi aðkomu gesta.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Bent er á að mikilvægt sé að halda áfram uppbyggingu innviða sem auka öryggi gesta.</li> <li>b. Bent er á að í tillögunni sé gert ráð fyrir takmörkunum á umferð á Háey og telur stjórnin að það fyrirkomulag geti útilokað marga gesti frá að njóta Háeyjar. Bent er á að hugsanleg lausn væri að koma á vistvænum almenningssamgöngum frá Lágey upp á Háey.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>a. <i>Umhverfisstofnun tekur undir ábendinguna og bendir á að fyrirhugaðar aðgerðir í stjórnunar- og verndaráætlun styðja þá stefnu.</i></li> <li>b. <i>Ætlunin er ekki að loka fyrir alla almenna umferð upp á Háey heldur að beina umferð á Lágey og draga úr umferð á Háey. Texta í stjórnunar- og verndaráætlun var breytt í þá veru að lagt yrði bundið slitlag á veginn upp á Háey en að umferð skuli beint að Lágey fyrst og fremst. Ekki er gert ráð fyrir miklum fjölda bifreiða á Háey, sbr. kafla vegna umsagnar Vegagerðarinnar í greinargerðinni. Ábending um vistvænar almenningssamgöngur verður höfð í huga en ekki er gert ráð fyrir sætaferðum að svo stöddu.</i></li> </ul>



## Skipulag

## Svör Umhverfisstofnunar

<p>Vegagerðin sendi inn tvær umsagnir, dags 2. apríl 2020 og 25. ágúst og benti á þrjú atriði.</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Vegagerðin minnir á ákvæði Vegalaga nr. 80/2007 um þjóðvegi. Vegagerðin óskar eftir að í áætluninni komi skýrt fram að framkvæmdir innan veghelgunarsvæða séu ekki heimilar án samþykkis Vegagerðarinnar.</li> <li>Koma þurfi fram að Vegagerðin hafi heimild til að sinna þjónustu og viðhaldi vegna innviða á hennar vegum án sérstaks samráðs við Umhverfisstofnun.</li> <li>Tryggja þurfi aðkomu Vegagerðarinnar að vitanum á öllum stundum. Ítreka þurfi þessi ákvæði í áætluninni.</li> <li>Þá gerir Vegagerðin athugasemd við að í áætluninni sé sagt að vegkaflinn upp á Háey sé malarvegur og merktur fyrir fjórhjóladrifsbíla. Vegagerðin hefur ekki í hyggju að láta merkið standa að jafnaði og búið er að koma fyrir hliði og veginum verður lokað með því þegar ástæða er talin vegna færðar eða veðurs. Vegagerðin stefnir á að setja bundið slitlag á vegkaflann upp á Háey á árinu 2021 með tilheyrandi ræsum og rásagerð.</li> </ol>	<p><i>Umhverfisstofnun boðaði Vegagerðina á fund þar sem farið var yfir athugasemdirnar, framtíðaráform Vegagerðar og hugsanlega samnýtingu vitans í Dyrhólaey.</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <li><i>Texti í stjórnunar- og verndaráætluninni var lagfærður í samræmi við athugasemdir í a lið, sbr. kafla 3.8.</i></li> <li><i>Texta var breytt í þá veru að Vegagerðin hefur heimild til að sinna þjónustu og viðhaldi vegna innviða á hennar vegum án sérstaks samráðs við Umhverfisstofnun svo fremi sem það hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins, sbr. kafla 3.8.</i></li> <li><i>Texti í stjórnunar- og verndaráætluninni var lagfærður í samræmi við athugasemdir í c lið, sbr. kafla 3.8.2.</i></li> <li><i>Texta var breytt í kaflanum Vegir og bílastæði (kafla 3.8.3) á þann veg að gert er ráð fyrir að bundið slitlag verði lagt á veginn upp á Háey en kostir þeirrar framkvæmdar eru m.a. þeir að vegurinn verður stöðugri og viðhald minnkar. Vegurinn verður einkum ætlaður minni bílum og þjónustubílum en gert ráð fyrir að meginþungi umferðar, fólksflutningabílar og stórir bílar nýti aðstöðuna á Lágey. Umferð verður stýrt með upplýsingaskiltum og þungatakmörkunum.</i></li> </ol>
<p>Mýrdalshreppur sendi inn umsögn eftir kynningartíma í kjölfar þess að áætlunin var kynnt fyrir sveitarstjórn.</p>	<p><i>Umhverfisstofnun boðaði sveitarstjóra og byggingarfulltrúa á fund þar sem farið var yfir umsögn sveitarstjórnar og vegamál í Dyrhólaey.</i></p>

<p>Lagt er til að opið verði fyrir almenna umferð upp á Háey þó aðal aðkomusvæði verði á Lágey og umferða hópferðabifreiða verði beint þangað.</p>	<p><i>Ætlunin er ekki að loka fyrir alla almenna umferð upp á Háey heldur að beina umferð á Lágey og draga úr umferð á Háey. Texta í stjórnunar- og verndaráætlunvar var breytt í þá veru að lagt yrði bundið slitlag á veginn upp á Háey en að umferð skuli beint að Lágey fyrst og fremst. Ekki er gert ráð fyrir miklum fjölda bifreiða á Háey, sbr. kafla vegna umsagnar Vegagerðarinnar í greinargerðinni.</i></p>
--	---

## Annað

## Svör Umhverfisstofnunar

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Landgræðslan sendi inn erindi og gerði ekki athugasemdir við áætlunina. Landgræðslan kvaðst reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa sé þess óskað.</li> <li>• Hafrannsóknastofnun sendi inn umsögn og gerði engar athugasemdir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Umhverfisstofnun þakkar erindið og mun leita til Landgræðslunnar eftir því sem þörf er talin á.</i></li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umhverfis- og auðlindaráðuneytið las áætlunina yfir og sendi inn gagnlegar ábendingar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Unnið var úr ábendingunum.</i></li> </ul>